

84 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Bræðrasjóð Háskóla Ís-
11. júní lands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 11. júní 1915.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Bræðrasjóð Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður í tilefni af fráfalli Geirðs Einarssonar frá Borg, og heitir »Bræðrasjóður Háskóla Íslands«.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka, efnilega stúdenta, sem nám stunda við Háskóla Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn er eign stúdenta við Háskóla Íslands. Háskólaráðið ákveður, hvernig sjóðinn skuli ávaxta; semur það árlega reikning hans, og skal hann birtur í Árbók Háskólans.

4. gr.

Ætlast er til að sjóðurinn aukist með árstíllögum frá Háskólastúdentum, er nemi að minsta kosti 2 kr. á mann. Enn er gert ráð fyrir að sjóðnum berist minningargjafir eftir stúdenta, er frá kynnu að falla, og skal láta aðstandendur hins látna vita um þær. Innheimtu hafa stúdentar þeir á hendi, er 6. gr. getur um.

5. gr.

Við höfuðstól sjóðsins skal árlega leggja alla vexti, þangað til hann er orðinn 15000 kr. Þá má byrja að veita styrk úr sjóðnum, en þó má ekki veita meira en $\frac{3}{4}$ af vöxtunum fyr en hann er orðinn 20000 krónur, en þaðan í frá má veita alla vexti.

6. gr.

Háskólaráðið veitir styrk úr sjóðnum samkvæmt tillögum stúdenta, sem kosnir skulu, einn úr hverri deild, í októbermánuði ár hvert. Verði dráttur á kosningu, skal Háskólaþakktor hlutast til um að hún fari fram. Styrkinn skal veita í marsmánuði. Engum má veita minni styrk en 75 kr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.